

## **146. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

haldinn 19. september 2007, kl. 13:00 að Austurvegi 56.

Mættir: Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, Björn B. Jónsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

### **1. Förgun ehf.**

Lagður fram kaupsamningur undirritaður þann 13. september og kynnt að Sláturfélaginu og Reykjagarði hafi verið greiddur sinn hlutur. Stjórnin staðfestir kaupin.

### **2. Ársreikningur 2006.**

Ársreikningur Sorpstöðvar Suðurlands lagður fram til staðfestingar og undirritaður.

### **3. Aðalfundur 1. og 2. nóvember 2007.**

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri 1. og 2. nóvember 2007.

### **4. Bréf frá Hrunamannahreppi dags. 11. september varðandi förgun á 300 heyrúllum.**

Erindinu hafnað og vísað til bókunar um sama mál í síðustu fundargerð.

### **5. Sameignleg svæðisáætlun.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir framvindu í málinu.

### **6. Hagsmunagæsla fyrir sveitarfélögin á sviði sorpmála.**

Sorpstöð Suðurlands fagnar og samþykkir framkomnar tilögur um tilhögun verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

Stjórn samþykkir að greiða hlut aðildarsveitarfélaga í verkefninu með fyrirvara um að ekki verði gerðar athugasemdir að hálfu aðildarsveitarfélaga.

### **7. Önnur mál.**

#### **a. Söfnun umbúða og pappírs – framgangur.**

Framkvæmdastjóri upplýsti um framgang verksins.

#### **b. Bókun í bæjarstjórn Árborgar.**

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 14:30